



Borgarráð

Hlíð-Sólhlíð - Endurgerð.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna framkvæmda við endurgerð leikskólans Hlíð-Sólhlíð við Engihlíð 6.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir haustið 2025 og er áætlaður framkvæmdatími 18 mánuðir.

Heildarkostnaðaráætlun er 640 m.kr.

Greinargerð:

Framkvæmdin fellst í eftirfarandi

- Niðurrifi og hreinsun innanhúss
- Endurnýjun allra lagnakerfa innan sem utan; neysluvatn, hitakerfi, dren, regn, fráveitu, fituskilju og raflagna
- Múrviðgerðir innan og utan, einangrun og múrklæðning á útveggi hússins ásamt endurnýjun allra glugga
- Nýtt loftræsikerfi og kerfisloft til að bæta innivist
- Viðbygging með lyftu við norðurgafi
- Heildarendurskipulagning á húsinu á öllum hæðum til að mæta nútímakröfum og bæta aðgengi fyrir alla.

Húsnæðið er 734 m² og er á tveim hæðum ásamt kjallara og risi.

Leikskólinn telur 75 leikskólapláss og áætlaður starfsmannafjöldi er 20 manns.

Kostnaðarstaður: 1106
Kostnaðaráætlun: 640 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Kynning



Hlíð, Sólhlíð Endurgerð

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd

- Um er að ræða 734m² steypa byggingu, þar af 30 m² stækkun vegna lyftuhúss, sem upphaflega var teiknað og byggt sem íbúðarhús 1952, en síðar breytt í leikskóla. Byggingin telur ris, tvær hæðir og hálfniðurgrafin kjallara. Góð lóð og staðsetning hússins í hverfinu ýtir undir endurgerð.
- Framkvæmdin fellst í eftirfarandi
 - Niðurrifi og hreinsun innanhúss
 - Endurnýjun allra lagnakerfa innan sem utan; neysluvatn, hitakerfi, dren, regn, fráveitu, fituskilju og raflagna
 - Múrviðgerðir innan og utan, einangrun og múrklæðning á útveggi hússins ásamt endurnýjun allra glugga
 - Nýtt loftræsikerfi og kerfisloft til að bæta innivist.
 - Viðbygging með lyftu við norðurgöfl.
 - Heildarendurskipulagning á húsinu á öllum hæðum til að mæta nútímakröfum og bæta aðgengi fyrir alla.
- Byggingin telur tvær deildir ásamt eldhúsi, heimastofum, föndurrými, hreyfirými, sérkennslu, skrifstofu og undirbúningsrými starfsmanna, kaffistofu og öðrum stoðrymum.
- Fjöldi pláss er óbreyttur eða 75 pláss og starfsmannafjöldi áætlaður 20 manns.



Yfirlitsmynd , Engihlíð 6






Ásýndir





Ásýndir









Kostnaður og verktími

Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er 450.000 m.kr.

Áfallinn kostnaður fyrri ára 2023, 2024 er 190.000 m.kr.

Áætlaður heildarkostnaður endurgerðar er 640.000 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir haustið 2025.

Áætlaður framkvæmdatími er 18 mánuðir.



Reykjavík